

Aðalfundur FÁT

Aðalfundur verður haldinn laugardaginn 14. nóvember 2009 og hefst kl. 10.

Fundurinn verður haldinn að Flugumýri 14 í Mosfellsbæ (beygt úr hringtorgi upp með Úlfarsfelli og farið eftir malbikinu (beygt til vinstri og síðan til hægri eftir götunni – þá ætti skilti að blasa við.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Félagar í Félagi áhugamanna um tréskurð eru hvattir til að mæta.

Kaffi og meðlæti í boði félagsins.

Opið hús 12. desember


að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði (iðnaðarbil beint fyrir aftan Fjarðarkaup) kl. 10 til 12

Opið hús með jól sem meginþema.

Hugmyndin er að félagar geri jólatengt skurðverk. Efni verður til staðar en æskilegt að félagar og gestir komi með tálguhnífa ef þeir eiga.

Félagsmenn eru hvattir til að koma með skurðverk er tengjast jólum.

Kaffi og meðlæti.



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Pósthólf nr. 6, 270 Mosfellsbæ
Netfang: silo@mmedia.is
Heimasíða: <http://www.listalind.is/treskurdur>
Ritstjórn er stjórn félagsins
Ábm. Björn Bergsson

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
7. tbl. 14. árgangur 2009

Frá formanni



Opið hús í október var með aska sem meginþema. Björn Bergsson fjallaði um aska í máli og myndum, fór í gegnum sögu og tilurð, helstu einkenni og þróun í aldanna rás. Formaður fjallaði um asklokin og gerðir tréskurðar á þeim. Félagsmenn komu með aska í sinni eigu.

Samveran var í alla staði góð og margt kom fram sem varpaði nýju ljósi á þessa gerð íláts. Opið hús sem byrjaði sem stund fyrir félagsmenn og gesti til að hittast og ræða um tréskurð, hefur þróast að hluta í stund með ákveðnu meginþema. Næsta opna hús 12. desember verður síðan í átt að starfsstund, þ.e. félagsmenn fá viðarkubb og skera í hann eitthvað jólatengt.

Næst á dagskránni er aðalfundur félagsins. Þá er tími til að líta yfir farinn veg og gera áætlanir fram í tímann. Eitt af því sem einkennir síðasta ár er e.t.v. Brýnið sem hefur komið út oft og í breyttu formi. Ekki var ætlunin að stjórnin yrði endilega með ritstjórn á fréttabréfinu nema þetta ár. Framtíð, form og framsetning fréttabréfsins er m.a. umfjöllunarefni á aðalfundi.

Annað sem við þurfum að skoða sérstaklega er innheimta félagsgjalda sem hefur verið félaginu dýr. Einnig form á dreifingu Brýnisins. Aðalfundurinn verður sá vettvangur sem ræðir og kemst að niðurstöðu um þessi mál sem og mörg önnur.

Nóg að sinni, sjáumst á aðalfundinum.
Með bestu kveðjum, Sigurjón

Askar – Opið hús



Hér má sjá Björn Bergsson halda erindi um aska á opnu húsi félagsins. Margt fróðlegt kom fram um tilurð og þróun á þessu matarílláti. Svo gripið sé niður í nokkur atriði þá kom fram að askar voru beinir upp til að byrja með en seinna var farið að hafa þá með svolitlum belg. Við landnám bjuggu menn í skálum og mötuðust við borð (borðuðu). Það var oft kalt í skálinum og því færði heimilisfólkið sig yfir í baðhúsið, þ.e. baðstofuna og komu sér þar fyrir. Baðstofan var minni en skálinn og því ekki hægt að koma fyrir borði og því sat heimilisfólk á rúmum sínum, hver með sinn ask. Belglagið á askinum auðveldaði að skorða hann milli læranna.

Annað atriði sem vert er að vekja athygli á er að askar voru yfirleitt af sömu stærð, þó gátu verið tvær stærðir, þ.e. askur fyrir karla og askur fyrir konur. Ástæða þess að askar höfðu þessa stöðluðu stærð væri e.t.v. hægt að rekja til þess að það auðveldaði húsbændum að skammta ekki of mikið og vinnuhjúin gátu þá einnig tryggt að ekki væri skammtað of lítið.




Þriðja atriðið, sem hér er nefnt er asklokið. Þegar lokinu var lyft upp, opnaðist það í 180 gráður, þ.e. var lárétt.

Innanvert á lokinu var gjarnan skorin svolitl skál eða hvilft. Talið er líklegt að þar hafi verið staði fyrir kjöt og fisk en í askinum sjálfum var spónamatur.

Askur skorinn af Matthíasi Andrésyni

Á aðalfundinum verður meðal annars fjallað um stefnu og framtíð á opnu húsi félagsins. Stefnt er að því að stjórnin skipi 3ja manna nefnd sem hefði umsjón með opnu húsi, val á viðfangsefni og svo framvegis. Áhugasamir félagar eru hvattir til að bjóða sig fram.



Félagsmenn á opnu húsi og Sveinn Guðbjartsson með askinn sinn.